

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2002-2012,
Reykholt - þéttbýli, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2002-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Iðnaðarsvæði stækkar um 1 ha til suðurs.
2. Landbúnaðarsvæði, samtals 13,5 ha, breytist í 6,8 ha íbúðarsvæði, 2,3 ha athafnasvæði og 3 ha opið svæði til sérstakra nota.
3. Athafnasvæði 0,62 ha breytist í opið svæði til sérstakra nota, þar sem gert er ráð fyrir reiðhöll.
4. Landbúnaðarsvæði, samtals 15 ha, breytist í íbúðarsvæði.
5. Tengingar af Biskupstungnabraut verða tvær í stað tíu og gert er ráð fyrir tveimur hringtorgum. Göngu- og reiðleiðum með Biskupstungnabraut er hliðrað til samræmis.
6. Athafnasvæði (2 ha) og landbúnaðarsvæði (1 ha) breytist í opið svæði til sérstakra nota undir helgunarsvæði Biskupstungnabrautar.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. maí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.